



Grunnskólinn í Sandgerði

Vöxtur – Vilji – Vinátta – Virðing

Lestrarstefna Lestur er bestur



Þriðja útgáfa september 2015

1	Stefna skólans í lestri	8
1.1	Tilgangur og hlutverk	8
1.1.1	Hlutverk Grunnskólans í Sandgerði.....	8
1.1.2	Ábyrgð	9
1.1.3	Hlutverk heimila	9
1.1.3.1	Heimalestur	9
2	Hvað er lestur og hvað er læsi?	10
2.1	Skilgreiningar	13
2.1.1	Aðrar tengdar skilgreiningar	14
2.2	Mismunandi lestur.....	14
2.2.1	Raddlestur	14
2.2.2	Hljóðlestur.....	14
2.3.3	Nákvæmnilestur	15
2.3.4	Yfirlestur	15
2.3.5	Leitarlestur	15
2.3.6	Hraðlestur	15
2.3.7	Lestur	15
2.3.8	Læsi.....	15
2.3.9	Málskilningur.....	15
2.3.10	Hlustunarskilningur.....	15
2.3.11	Umskráning	15
2.3	Hraðatafla.....	16
2.4	Áhersluþættir	16
2.5	Námsmat	17
3	Kennsluaðferðir.....	18
3.1	Lestrarkennsla	18
3.1.1	Grunnlestraraðferðir Grunnskólans í Sandgerði	18
3.1.2	Ýmsar kennsluaðferðir í lestri.....	19
4	Markmið.....	20
4.1	Yfirmarkmið	20
4.2	Leiðir	20
5	Verkefni bekkjardeilda.....	21
5.1	1. bekkur.....	21

5.1.1	Markmið.....	21
5.1.2	Leiðir.....	21
5.1.3	Námsmat	22
5.1.4	Sérstök greiningarpróf.....	22
5.1.5	Frávik.....	23
5.1.6	Hlutverk heimila	23
5.1.7	Nýbúar	23
5.1.8	Kennsluaðferðir.....	23
5.1.9	Verkefni	23
5.2	2. bekkur.....	24
5.2.1	Markmið.....	24
5.2.2	Leiðir.....	24
5.2.3	Námsmat	25
5.2.4	Sérstök greiningarpróf.....	25
5.2.5	Frávik.....	25
5.2.6	Hlutverk heimila	25
5.2.7	Nýbúar	26
5.2.8	Kennsluaðferðir	26
5.2.9	Verkefni	26
5.3	3. bekkur.....	27
5.3.1	Markmið	27
5.3.2	Leiðir	27
5.3.3	Námsmat	28
5.3.4	Sérstök greiningarpróf	28
5.3.5	Frávik.....	28
5.3.6	Hlutverk heimila	28
5.3.7	Nýbúar	29
5.3.8	Kennsluaðferðir.....	29
5.3.8	Verkefni	29
5.4	4. bekkur.....	30
5.4.1	Markmið.....	30
5.4.2	Leiðir.....	30
5.4.3	Námsmat	31

5.4.4	Sérstök greiningarpróf.....	31
5.4.5	Frávik.....	31
5.4.6	Hlutverk heimila	32
5.4.7	Nýbúar	32
5.4.8	Verkefni	32
5.5	5. bekkur.....	33
5.5.1	Markmið.....	33
5.5.2	Leiðir.....	33
5.5.3	Námsmat	34
5.5.4	Sérstök greiningarpróf.....	34
5.5.5	Frávik.....	34
5.5.6	Hlutverk heimila	34
5.5.7	Nýbúar	35
5.5.8	Kennsluaðferðir.....	35
5.5.9	Verkefni	35
5.6	6. bekkur.....	36
5.6.1	Markmið.....	36
5.6.1	Leiðir.....	36
5.6.3	Námsmat	37
5.6.4	Sérstök greiningarpróf.....	37
5.6.5	Frávik.....	37
5.6.6	Hlutverk heimila	38
5.6.7	Nýbúar	38
5.6.8	Kennsluaðferðir.....	38
5.6.9	Verkefni	38
5.7	7. bekkur.....	39
5.7.1	Markmið.....	39
5.7.2	Leiðir.....	39
5.7.3	Námsmat	40
5.7.4	Sérstök greiningarpróf.....	40
5.7.5	Frávik.....	40
5.7.6	Hlutverk heimila	40
5.7.7	Nýbúar	41

5.7.8	Kennsluaðferðir.....	41
5.7.9	Verkefni	41
5.8	8. bekkur.....	42
5.8.1	Markmið.....	42
5.8.2	Leiðir.....	42
5.8.2	Námsmat	42
5.8.3	Frávik.....	43
5.8.4	Hlutverk heimila	43
5.8.5	Nýbúar	43
5.8.6	Kennsluaðferðir.....	43
5.8.7.	Verkefni	43
5.9	9. bekkur.....	44
5.9.1	Markmið.....	44
5.9.2	Leiðir.....	44
5.9.3	Námsmat	44
5.9.4	Sérstök greiningarpróf.....	45
5.9.5	Frávik.....	45
5.9.6	Hlutverk heimila	45
5.9.7	Nýbúar	45
5.9.8	Kennsluaðferðir.....	45
5.9.9	Verkefni	45
5.10	10. bekkur.....	46
5.10.1	Markmið.....	46
5.10.2	Leiðir.....	46
5.10.3	Námsmat	46
5.10.4	Sérstök greiningarpróf.....	47
5.10.5	Frávik.....	47
5.10.6	Hlutverk heimila	47
5.10.7	Nýbúar	47
5.10.8	Kennsluaðferðir.....	47
5.10.9	Verkefni	47
6	Frávik.....	48
6.1	Ýmsar ástæður lestrarvanda.....	48

6.2	Hvað ber að gera?	48
6.3	Nýbúar	49
6.4	Sérkennsla.....	49
6.5	Nemendur með námsörðugleika	49
6.6	Bráðgreindir nemendur	50
7	Próf og námsmat.....	50
8	Ítarefni.....	51
8.1	Heimasvæði kennara	51
8.2	Samstarf við leikskólann	51
8.3	Bókasafn.....	51
8.4	Vefslóðir.....	51
8.6	Ýmis verkefni unnin í Grunnskólanum í Sandgerði.....	52
8.6.1	Lestrarátök.....	52
8.7	Námskeið og nám í vinnu.....	52
	Heimildaskrá	53

Samantekt

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði var fyrst gefin út í september 2008 og er þetta þriðja útgáfa hennar. Lestrarstefnan miðar að því að efla lestrarfærni nemenda Grunnskólans í Sandgerði, efla faglega þekkingu starfsmanna á lestrarkennsluaðferðum, samræma vinnubrögð er viðkoma lestri og lestrarkennslu og efla heimilin til þátttöku.

Leitast var við að setja stefnuna upp á því formi að hún nýtist sem vinnuskjal sem hægt er að efla og þróa. Markmið voru sett fram hvað varðar óska hraðlestrarfærni nemenda og er þeirri færni fylgt eftir með reglulegri skimun, söfnun og úrvinnslu gagna.

Stefnunni er ætlað að fylgja eftir með ýmsum viðfangsefnum, sumum sameiginlegum og öðrum sem einskorðuð eru við ákveðnar bekkjardeildir. Hún er t.d. kaflaskipt eftir bekkjardeildum þar sem hver kafli skiptist í sömu undirkaflana með mismunandi áherslum og viðfangsefnum. Hver kennari hefur því ákveðna leiðsögn sem honum er ætlað að fylgja eftir. Með þessu teljum við okkur vera að samræma vinnubrögð okkar og getum stigið samtaka til verks.

Stefnan gerir ráð fyrir að lestrarteymi hafi áfram yfirumsjón með henni og fylgist með hvernig miðar áfram, endurskoðar markmið, metur og finnur til ný. Teymið heldur áfram að skipuleggja lestrarátök og önnur sameiginleg verkefni er tengjast lestri og lestrarkennslu, taka saman og yfirfara lestrarpróf. Hópnum er einnig ætlað að móta áætlun í samráði við stjórnendur um námskeið og fyrirlestra er tengjast lestrarkennslu.

Við mótun lestrarstefnunnar hefur mikið unnist. Framsetning lestrarprófa var samræmd, lestrarpróf skólans hafa verið endurskoðuð og bætt sem og lestrarprófanir. Lestrarprófin sem unnið er með eru hraðlestarpróf, framsagnarpróf og orðapróf frá Leið til læsis.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að nýta þá þekkingu sem til er í kennarahópi Grunnskólans í Sandgerði á þann hátt að við erum að læra í vinnunni. Við kennum hvert öðru og miðlum þekkingu okkar og hugmyndum. Að auki hefur verið áhersla lögð á að kennarar sækji námskeið sem tengjast lestri og lestrarkennslu.

Haustið 2008 var stefnan tekin í gagnid. Hún verður þó í sífældri endurskoðun svo hægt sé að fylgja markmiðum eftir og byggja ofan á áunna reynslu.

Með von um góðan árangur

Margrét Sigurvinsdóttir,
sérkennari

Fanney Dórothe Halldórsdóttir,
skólastjóri

Anna Kristjana Egilsdóttir
kennari

Helga Sigurðardóttir kennari

1 Stefna skólans í lestri

1.1 Tilgangur og hlutverk

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði er unnin með það fyrir augum að bæta allan almennan lestur nemenda skólans. Litið er svo á að lestur sé grunnur alls náms og því þarf að hafa lestrarstoðina sterka svo hægt sé að byggja ofan á og efla almennt nám í grunnskólanum.

Svo að góð almenn lestrarfærni náist er ekki nóg að skólinn einn og sér sinni vinnunni því er leitast við að ná samvinnu við heimilin. Stuðningur heimavið getur skipt sköpum svo að hægt sé að viðhalda lestrarnámi og lestrarfærni nemenda.

Stefnan tekur mið af markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Stefna þessi er sett upp á þann hátt, að litið er á hana sem vinnuþagg kennara og henni fylgja ýmis fylgiskjöl. Stefnunni fylgir mappa sem er hýst á sameiginlegu vefsvæði kennara skólans sem ber heitið **Lestrarstefna**. Möppunni er ritstýrt af umsjónarmanni stefnunnar og Lestrarteymi sem heldur utan um hana, útteilir verkefnum til kennara að hausti og hefur eftirlit og fylgir eftir þeim verkefnum sem vinna á.

Lestrarteymi hefur eftirfylgni með stefnunni og þeim verkefnum sem unnin eru í tengslum við eflingu almennrar lestrarfærni í Grunnskólanum í Sandgerði. Teymið kemur með hugmyndir að verkefnum, námskeiðum, fyrirlesturum, samstarfi innan skóla og utan og heldur utan um þau gögn sem verkefninu tengjast.

1.1.1 Hlutverk Grunnskólans í Sandgerði

Hlutverk Grunnskólans í Sandgerði samvæmt lestarstefnu er:

- Að ná þeim markmiðum sem stefnan gerir ráð fyrir (kafla 4).
- Að byggja stoðir og leiðir að þeim markmiðum sem sett eru fram í stefnunni.
- Að tryggja að kennarar fylgi henni í starfi sínu og sinni þeim verkefnum sem hverri bekkjardeild eru falin.
- Að sjá til þess að kennarar þekki til fjölbreyttra kennsluaðferða og nýti sér þær.
- Að efla kennara til að sækja námskeið og kynna sér efni sem eflir lestrarkennslu og færni þeirra sem kennarar.
- Að sjá til þess að þeir nemendur sem ekki ná að fylgja almennum markmiðum stefnunnar fái aðstoð.
- Að vera í góðu samstarfi við heimilin og hvetja þau til samstarfs í þeim verkefnum og hlutverkum sem stefnan gerir ráð fyrir.

1.1.2 Ábyrgð

Á hverju hausti setur umsjónarmaður/lestrarteymi ásamt stjórnendum fram áætlun varðandi námskeið, áherslupætti, kynningar fyrir foreldra og forráðamenn og fleira er tengist því að ná markmiðum lestarstefnunnar.

Umsjónarmaður Lestarstefnunnar ásamt lestrarteymi veitir henni eftirfylgni og mikilvægt er að hann sé í góðum tengslum við allt starfsfólk skólans.

1.1.3 Hlutverk heimila

Til að ná fram markmiðum lestarstefnunnar óskar Grunnskólinn í Sandgerði eftir öflugum samstarfi við heimilin. Misjafnt er milli bekkjardeilda hvers konar samstarfs er óskað af foreldrum og forráðamönnum nemenda. Í yngri deildum er krafist mikils samstarfs þegar grunnur er lagður að lestrarfærni og mikil lestrarþjálfun er nauðsynleg. Á síðari stigum skólastarfsins felst hlutverk heimilanna meira í eftirfylgni með vinnu nemenda og umræðum. Mikilvægt er að foreldrar geri sér grein fyrir því að lestrarkennslan fer fram í skólanum en lestrarþjálfun fer fram heima.

Grunnskólinn í Sandgerði óskar m.a eftir því að foreldrar og forráðamenn:

- Sæki fyrirlestra á vegum skólans.
- Geri lestur jákvæðan heima fyrir og hvetji til lesturs, náms- og yndislesturs.
- Sitji með barninu fyrstu árin er heimalestur og lestrarþjálfun fer fram.
- Hafi eftirfylgni með heimanámi á öllum skólastigum.
- Vinni þau verkefni þar sem skólinn/kennarar óskar eftir samstarfi.
- Hvetji barnið til að taka þátt í sumarlestri bókasafnsins.

1.1.3.1 Heimalestur

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn láti sig heimalestur varða og veiti honum eftirtekt. Er þetta hægt með ýmsum hætti.

Yngri nemendur

Þegar nemendur fá nýja bók ættu foreldrar að setjast niður með þeim og velta fyrir sér efni hennar, t.d. með því að skoða, spyrja og spjalla. Þetta er gert til að þjálfa gagnvirkan lestur, fá börnin til að hugsa um efni bókarinnar og spá fyrir um hvað hún er.

Nemendur ættu að lesa í 10 – 15 mínútur á hverjum degi, allt að þrisvar sinnum hverja blaðsíðu og foreldrar kvitta í Lestrarskjóðuna sem er kvittunarbók gefin út af Lestrarteymi Grunnskólans í Sandgerði. Í Lestrarskjóðuna á líka að vinna verkefni sem nefnist Orðasafn, sjá nánari útskýringar um það í Lestrarskjóðunni. Einnig er hægt að skrifa niður athugasemdir og skilaboð á milli foreldra/forráðamanna og kennara. Þegar nemendur hafa náð 200 atkvæðum í lestri á lestrarprófum er nóg að lesa hverja blaðsíðu einu sinni. Þeir nemendur sem eru vel fyrir neðan viðmið bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara til að auka færni sína í lestri.

Æfingin skapar meistarann og á þetta svo sannarlega við í lestrarnámi – því hvetjum við til heimalesturs á hverjum degi.

Hægt er að lífga upp á heimalesturinn með því að fara í orðaleiki með börnunum til að þjálfra og efla hljóðkerfisvitund, lestrarfærni og málproska. Sjá nánar hugmyndir hér fyrir neðan.

Hugmyndir að orðaleikjum:

Orðaleikur: Nemandi finnur orð sem byrjar á sama staf og verið er að leggja inn í skólanum.

Lesið á skilti, lesið dagblöð eða finnið orð í dagblöðum, klippa út orð o.s.frv.

Rímleikir: Foreldrar velja orð úr textanum sem lesinn var og barnið finnur orð sem rímar við.

Samheiti: Foreldrar velja orð úr textanum og barnið finnur orð sem þýðir það sama.

Andheiti: Foreldrar finna til orð sem hafa andstæða merkingu við orð sem lesið var í textanum.

Samsett orð: Orð eru skoðuð út frá orðhlutum þeirra og fundið út úr hvaða orðum þau eru búin til (regnhlíf – regn og hlíf, snjóhús – snjór og hús).

Mikilvægt er að hlustandi spyrji barnið út úr textanum sem það var að lesa. Þetta eflir lestrarfærni og um leið er barninu sýnd sú virðing að á það er hlustað.

Ákveðið hefur verið að auka eftirlit með heimalestri og fylgjast umsjónarkennarar og aðrir kennara sem koma að nemendum með því að lesið sé heima. Ef nemandi hefur ekki lesið heima í þrjú daga hringir umsjónarkennari heim og ræðir við foreldra um lestur og mikilvægi þess að lesa heima. Ef það kemur fyrir öðru sinni að heimalestri er ekki sinnt í þrjú daga eða meira þá hringir umsjónarkennari aftur heim og ræðir við foreldra. Ef það kemur svo fyrir að heimalestri er enn ekki sinnt þá mun deildarstjóri eða sérkennari hringja heim og ræða um lestur heimafyrir við foreldra. Ef þetta bregst einnig þá verða foreldrar boðaðir á fund í skólanum þar sem farið verður yfir heimalestur og mikilvægi þess að því sé sinnt.

2 Hvað er lestur og hvað er læsi?

Lestur er ekki eðlislægur, meðfæddur eiginleiki, heldur lærð aðgerð og að því leyti gjörólíkur máltökunni. Lestur og ritun eru hugvit mannsins og menning læsis hefur aðeins fylgt hluta mannkynsins í nokkra mannsaldir.

Flest börn læra að lesa án sérstakrar fyrirhafnar og sum að því er virðist algjörlega áreynslulaust. Fyrir önnur verður lestrarnámið óyfirstíganleg hindrun og sársaukafull reynsla, sem jafnvel markar alla þeirra skólagöngu og líf í heild. Ef um alvarlega erfiðleika er að ræða getur það haft í för með sér skert lífsgæði fyrir viðkomandi einstakling.

Skilningur og þekking á eðli lestrarerfiðleika getur hjálpað, ekki aðeins við að draga úr alvarleika lestrarerfiðleikanna sjálfra, heldur einnig til að draga úr þeim afleiðingum sem slíkir erfiðleikar hafa á lífsgæði fólks. (Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika. 2008).

Við upphaf lestrarnáms reynir mikið á hljóðkerfisþátt tungumálsins, hljóðkerfisvitundina. Barn sem er að byrja að læra að lesa beinir athygli sinni að tæknilegri hlið lestrarnámsins, bókstöfum og hljóðum, hvernig þau tengjast og hvernig breyta á stöfum í hljóð og orð.

Mismunandi er hjá einstaklingum hvernig þetta ferli gengur og eiga sumir hverjir í miklum erfiðleikum með þetta grunnstig lestrarnámsins sem síðar þróast út í það að einstaklingur verður læs. Mikilvægt er að erfiðleikar greinist sem fyrst svo hægt sé að bregðast við á „réttan“ hátt. Lestrarerfiðleikar sem tengjast því að ná ekki að tengja saman bókstafi og hljóð/orð nefnast í daglegu tali lesblinda eða dyslexía.

Lestur þróast jafnt og þétt eftir að umskráningu stafa í orð og hljóð er náð. Leshraði eykst jafnt og þétt og skilningur á því sem lesið er eflist einnig.

En lestur þarf að þjálfra og viðhalda og má benda á þrjú atriði sem þjálfaður lestur byggist á. Til þess að eftirfarandi atriði þjálfist er mikilvægt að skóli og heimili geri lestur áhugaverðan og jákvæðan.

Þjálfaður lestur byggist á:

1. því að greina (flókið) samspil bókstafa og hljóða svo umskráning geti átt sér stað
2. góðum orðaforða og málskilningi
3. góðri lesfimi, þ.e. að geta lesið hratt og fyrirvaralaust á þann hátt að athygli beinist strax að innihaldi þess texta sem lesinn er

Grunnur að góðri lestrarfærni er lagður á fyrstu æviárum barnsins. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Því er mikilvægt að allir þeir sem koma að uppeldi barnsins séu meðvitaðir um mikilvægi lestur og kunni til verka (hver á sinn hátt) og stuðli að jákvæðu og hvetjandi lestrarumhverfi. Hér þurfa leikskólinn, grunnskólinn og heimilin að vinna saman og undirbúa barnið undir líf og starf í veröld sem gerir ráð fyrir því að flestir þjóðfélagsþegnar séu læsir og skrifandi.

Lestarlíkan

<p>Læsir</p> <ul style="list-style-type: none"> • góð umskráning • góður málskilningur (miðað við aldurssvarandi texta) 	<p>Lestrarferfiðleikar 1</p> <ul style="list-style-type: none"> • góð umskráning • slakur málskilningur (lesskilningserfiðleikar)
<p>Lestrarferfiðleikar 2</p> <ul style="list-style-type: none"> • slök umskráning • góður skilningur (verulegir umskráningarferfiðleikar dyslexía) 	<p>Lestrarferfiðleikar 3</p> <ul style="list-style-type: none"> • slök umskráning • slakur skilningur (dyslexía og annars konar lestrarvandi)

Gough P. og W.E.Tunmer. 1986)

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að þótt barnið sé farið að lesa á ásættanlegum hraða er ekki þar með sagt að lesturinn sé í lagi. Lestur felur ekki aðeins í sér umskráningu stafa og orða heldur byggir hann einnig á málsskilningi barnsins. Lestarlíkanið sýnir samspil tveggja grunnhugtaka í lestrarfræðunum, umskráningu og málskilning, en færni í hvoru tveggja skiptir sköpum fyrir árangur barna í lestri.

Lestarlíkanið sýnir að sá einstaklingur sem býr bæði að góðum málskilningi og góðri umskráningu og þjálfar hvort tveggja er góður lesari. Slök umskráning og góður málskilningur, góð umskráning og slakur málskilningur eða slakur málskilningur og slök umskráning geta valdið lestarörðugleikum í ýmsum myndum. Kennsla barna með erfiðleika í lestri fer eftir orsökum örðugleikanna. Barn með t.d. slakan málskilning en góða umskráningu fær kennslu sem miðar að því að auka málskilninginn. Þau börn sem eru bæði með slakan málskilning og slaka umskráningu

þurfa að öllu jöfnu að vinna eftir einstaklingsnámskrá. Áhugaleysi nemenda og ónóg þjálfun getur leitt til þess að einstaklingur greinist síðar meir með leshömlun (dyslexíu).

2.1 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru teknar af Lesvefnum um læsi og lestrarerfiðleika.

Læsi

Hugtakið læsi (literacy) er komið úr latínu og merkir táknetning með bókstöfum. Merking þess er víðtæk, en það vísar allt í senn til lesturs, lesskilnings, stafsetningar og ritunar. *Það að vera læs felst í því að einstaklingar geti nýtt sér lestur, lesskilning og ritun í daglegum viðfangsefnum.*

Læsi byggir í meginatriðum á eftirfarandi fjórum þáttum:

1. **Lestækni** er færni sem hver einstaklingur þarf að tileinka sér og þjálf og byggist á því að þekkja bókstafina og hljóð þeirra af öryggi til að vera fær um að lesa hratt og fyrirhafnarlaust úr bókstafstáknum ritmálsins.
2. **Lesskilningur** er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi, frá mismunandi sjónarhornum, tilgangi og markmiði.
3. **Stafsetning** byggir að grunni til mikið á hljóðkerfisþætti tungumálsins, einkum færni við að sundurgreina hljóð orða. En ritháttur orða ræðst ekki af framburði einum og sér, heldur einnig af uppruna og beygingarlegu samhengi hverju sinni. Börn sem þurfa að tileinka sér rithafir tungumálsins þurfa því að taka tillit til allra þessara þátta, hvort sem þau gera það á meðviðtaðan eða á ómeðviðtaðan hátt. Aðrir þættir sem tengjast næmi barna fyrir uppbyggingu tungumálsins skipta líka miklu máli í stafsetningarnámi svo sem skilningur þeirra á beygingar- og orðmyndunarreglum.
4. **Ritun** byggir á færni einstaklingsins til þess að tengja saman margar setningar í eina heild. Hæfni af þessu tagi reynir á marga þætti tungumálsins, svo sem orðaforða, beygingar, setningagerðir og samloðunaraðferðir (notkun samtenginga, fornafna og greinis). Færni á þessu sviði tengist einnig öðrum hliðum þroska, svo sem vitsmuna-, tilfinninga- og félagsþroska, m.a. vegna þess að forsenda ritunar er að skilja að aðrir hafa annað sjónarhorn, tilfinningar og þekkingu, sem taka þarf mið af í frásögninni. (Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika. 2008).

2.1.1 Aðrar tengdar skilgreiningar

2.2 Mismunandi lestur

2.2.1 Raddlestur

Raddlestur er sá lestur sem lesinn er upphátt, andstætt honum er hljóðlestur.

Með raddlestri:

- er mögulegt að greina og meta gæði lestrar
- þjálfast nemendur í framsögn
- þjálfast áheyrendur í hlustun

Mikilvægt er að þjálfra raddlestur daglega og eru gerðar kröfur um jafnan en takmarkaðan leshraða, einkum þegar lesið er fyrir áheyrendur. Slíkur lestur, sem í raun er upplestur, lýtur sérstökum lögmaðlum um hrynjandi og framkomu. Þjálfun í raddlestri tengist framsagnarþjálfun.

Bent er á kennsluefni og leiðbeiningar tengt Stóru upplestrarkeppninni (sjá einnig kafla 5.7).

2.2.2 Hljóðlestur

Byrjendur í lestri lesa almennt upphátt á meðan þeir eru að þjálfra tæknilega hlið lestrarferlisins. Eftir því sem lestrarfærnin eykst fara nemendur að lesa meira í hljóði. Árangur af markvissri þjálfun í hljóðlestri skilar barni meiri leshraða. Kennarar sjá til þess að aðstæður til radd- og hljóðlestrar séu sem ákjósanlegastar og mikilvægt er að þjálfra unga nemendur í raddlestri daglega og þá sem eldri eru reglulega, þá með mismunandi markmið að leiðarljósi.

Nauðsynlegt er að allir kennarar leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að tilfinningalegir örðugleikar þróist hjá barni með seinkaða lestrarfærni. Þjálfra þarf lestur alla skólagöngu nemandans. Ekki er nóg að ná valdi á lestrartækni. Börn þurfa að geta beitt mismunandi lestrarlagi eftir því hvernig texta þau eru að lesa og í hvaða tilgangi, sbr. Aðalnámskrá grunnskóla. Í nýrri aðalnámskrá er einnig lögð áhersla á ýmiss konar læsi s.s. myndlæsi, tölvu- og upplýsingalæsi, stafrænt læsi. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í letur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda

Með hljóðlestri:

- auka börn leshraða sinn
- gefst börnum tækifæri til að lesa á sínum hraða
- þjálfast börn í að einbeita sér og aukið úthald við lesturinn eykst
- styrkist og eykst málskilningur og orðaforði
- verða framfarir í lesskilningi
- læra börn að njóta og lifa sig inn í efnið og setja sig í spor annarra.

2.3.3 Nákvæmnilestur

Nákvæmnilestur byggir á því að lesa hvert orð. Hraðinn er mismunandi eftir því hvað er lesið. Þar sem lestur er virkt ferli er mikilvægt að lesandinn velti alltaf fyrir sér hver sé tilgangurinn með lestrinum. Hvernig hann ætlar að nota hann, skoða textauppbýggingu og leita að lykilorðum sem geta auðveldað honum skilning. Nákvæmnilestur krefst greinandi hugsunar við túlkun og mat á efninu og því er leshraðinn minni en þegar lesið er hratt í hljóði.

2.3.4 Yfirlestur

Yfirlestur er notaður við t.d. lestur tímarita og dagblaða og er þá oftast lesið hratt. Þegar textinn er þungur er algengt að lesa þurfi textann aftur.

2.3.5 Leitarlestur

Leitarlestur er notaður til að finna ákveðnar upplýsingar í texta t.d. orðabók, verðlista og símaskrá. Lesandinn rennir augunum yfir textann þar til hann finnur það sem hann leitar að og les þá vandlega yfir til að vera viss um að hafa réttu upplýsingarnar.

2.3.6 Hraðlestur

Markmið með þjálfun í hraðlestri er að auka leshraða barna. Góður hraði í nákvæmnilestri er nefndur hraðlestur. Hraðlestur byggist á því að nemandinn þvingar sig til að lesa hraðar en hann er vanur.

2.3.7 Lestur

Er virkt ferli þar sem lesandinn leitast við að greina merkingu texta með því að nota málið, þekkingu sína og reynslu. Lestur er vitrænt ferli sem felur í sér að umskrá tákni og tengja þau síðan því máli sem lesandinn hefur tileinkað sér. Þekking lesandans og reynsla hjálpar honum að greina og skilja merkingu textans.

2.3.8 Læsi

Er notað um lágmarkshæfni til að lesa og rita. Í læsi felst einnig færni í að gera sér grein fyrir hvernig nota má lestur og ritun í því umhverfi sem við lifum í. Sá telst læs sem getur ráðið í letur, skilið texta við hæfi, notað hann til að auka þekkingu sína og miðlað öðrum af henni.

2.3.9 Málskilningur

Í málskilningi felst færni í að hlusta á og skilja talað mál þ.e. að hafa vald á orðaforða, fall- og tíðbeygingum, tölu orða og stigbreytingu.

2.3.10 Hlustunarskilningur

Er skilningur á mæltu máli sem einstaklingurinn hlustar á. Hann byggir á málskilningi og málþroska almennt.

2.3.11 Umskráning

Þýðir hæfni einstaklingsins til að breyta bókstöfum, heilum orðum og setningum í merkingarbært mál.

2.3 Hraðatafla

Meðfylgjandi tafla sýnir þá lestrarhraðafærni sem Grunnskólinn í Sandgerði vill sjá hjá nemendum sínum í nánustu framtíð og vill stefna að.

Lestrarfærnin, þ.e. lesin atkvæði á mínútu, miðar við færni í lok skólaárs.

Hraðatafla	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur	8.bekkur	9.bekkur	10.bekklur
Áætluð lesin atkv.á mín., upphátt	40 - 60	70 - 100	100 - 170	150 - 200	180 - 250	200 - 300	250 - 300	250 - 300	250 - 350	300 - 350
Áætluð lesin atkv.á mín. í hljóði		50 - 110	170 - 200	250- 350	300- 400	400- 500	400- 500	400- 500	400- 500	400-600

Reglulega yfir skólaárið er niðurstöðum lestrarprófa safnað saman og staðan tekin. Metið er hvernig gengur að ná markmiðum áætlunar í hraðlestri og áætlun gerð um áframhaldandi sókn að markmiðum.

2.4 Áherslupættir

Lestarstefnan miðar að því að efla allt lestrarsamfélagið og gera það að þátttakendum.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Til eru margar kennsluaðferðir við lestrarkennslu. Grunnskólinn í Sandgerði leggur mesta áherslu á hljóða- og orðhlutaaðferð við lestrarkennslu. Hvatt er þó til notkunar fjölbreyttra kennsluaðferða. Í stefnunni er að finna kafla þar sem fjallað er um kennsluaðferðir (kafla 3). Haustið 2014 var tekin upp PALS lestrarkennsluaðferðin á yngsta stigi, sjá nánar í kafla 3.

Aðgengilegt námsefni og leiðbeiningar

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði setur fram ákveðin viðfangsefni sem kennurum er ætlað að vinna og er þar með leiðandi og miðar að sameiginlegum markmiðum og vinnubrögðum. Hún á að gefa ákveðinn ramma sem kennarar vinna út frá en með sveigjanleika á þann hátt að kennarar geta mótað leiðir að markmiðum sínum og nemenda sinna.

Ætlast er til þess að ákveðin viðfangsefni séu unnin í hverri bekkjardeild og er það gert til þess að ná samfellu í námi nemenda. Skráning ákveðinna viðfangsefna, niðurstaðna og markmiða verður auðveldari og markvissari.

Fastmótaðar aðferðir við skimun og lestrarprófanir

Mikilvægt er að fylgjast með námsframvindu nemenda og komast að námsörðugleikum eins fljótt og hægt er séu þeir fyrir hendi.

Einstaklingar eru mismunandi og ólíkir og því er ætlast til þess að ákveðin skimunarpóf séu lögð fyrir árganga. Hvaða skimunarpróf eru lögð fyrir í hverri bekkjardeild er að finna undir kaflanum *Sérstök greiningarpróf* í kafla bekkjardeilda.

Regla er sett á fyrirlögn lestrarprófa og þau gerð markvissari. Möppur með lestrarprófum og upplýsingar um fyrirlagnartímabil er að finna í verkefnum bekkjardeilda í þessari áætlun, á sameign og á skrifstofu sérkennara.

Samheldni á meðal starfsfólks, öguð og skipulögð vinnubrögð.

Mikilvægt er að samfella náist í námi nemenda. Eitt af markmið stefnunnar er að gera vinnu markvissa og árangursríka um leið. Með henni á okkur að sparast tími, vinna og fjármagn sem leiðir til þess að fjölbreytt vinnuumhverfi skapist.

2.5 Námsmat

Þrjár námsmatsaðferðir eru nefndar hér sem mælanlegir kvarðar á lestarfærni nemenda GS.

- **Hraðlestrarpróf** mæla hversu mörg atkvæði nemandi les á mínútu (í tvær mínútur). Nemendur eru prófaðir í hraðlestri 4 sinnum yfir skólaárið.
- **Framsagnarpróf** eru notuð á annan hátt en hraðlestrarpróf. Í þeim geta nemendur æft sig og ekki skiptir öllu máli hver hraðinn er og því lögð fyrir á öðrum forsendum. Nemendur í 5. – 10. bekk sem hafa náð 200 atkvæðum í lestri þrisvar sinnum fara í framsagnarpróf.
- **Lesskilningspróf** Nemendur lesa texta og svara svo spurningum úr textanum.

Við hverja prófagerð er að finna fylgiskjöl sem innihalda leiðbeiningar um fyrirlögnina. Mikilvægt þykir að samræmt vinnulag sé viðhaft hvað þetta varðar svo niðurstöður séu marktækar og hægt sé að nota þær sem mælitæki á árangur og framfarir.

Fyrst um sinn er einblínt á að fylgjast sérstaklega með framförum nemenda í hraðlestri, sbr. markmið í hraðlestri (sjá töflu í kafla 2.3).

3 Kennsluaðferðir

Grunnskólinn í Sandgerði leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti í skólastarfi sínu og að allir kennarar séu færir um að nota mismunandi kennsluaðferðir. Þar af leiðandi er áhersla lögð á að kennarar og starfsfólk miðli þekkingu til hvers annars og haldi til dæmis stuttar kynningar á árganga- og starfsmannafundum þar sem miðlað er af eigin reynslu.

3.1 Lestrarkennsla

Miðað er að því að lestrarkennsla Grunnskólans í Sandgerði sé sem fjölbreyttust. Þó eru grunnlestraraðferðir skólans tvær, hljóðaaðferð og orðhlutaaðferð.

3.1.1 Grunnlestraraðferðir Grunnskólans í Sandgerði

Grunnlestraraðferðir GS eru **hljóðaaðferð** og **orðhlutaleið** en hugmyndir úr öðrum kennsluaðferðum ætti einnig að nýta.

Þegar hljóðaaðferð er beitt er byrjað að kenna stafi og hljóð. Fyrst um sinn er hver stafur kenndur og það hljóð sem hann hefur. Næsta skref er að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál.

Með orðhlutaleið er notast við málörvun og þjálfun hugtaka og orða. Styrking getur átt sér stað með ýmsu móti og skiptir fjölbreytileiki kennsluaðferða þar miklu máli.

Í Grunnskólanum í Sandgerði hafa kennarar á yngsta stigi sótt námskeið til að nota K-PALS og PALS kennsluaðferðir í lestri.

K-PALS og PALS er læsisaðferð og stendur skammstöfunin fyrir: „þör að læra saman“ þar sem K-PALS er fyrir nemendur í 1. bekk og PALS er fyrir nemendur í 2. – 4. bekk. Markmið með þessari aðferð er að gefa kennurum kost á að þjálfra samtímis hóp af börnum í stafapekkingu og lestri með jafningjamiðlaðri nálgun.

K-PALS samanstendur af tvenns konar verkefnum, hljóðaleikja- og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðavitundar. Marmið umskráningarverkefnanna er að styrkja umskráningu og orðapekkingu.

PALS lestraraðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 – 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Þörin nota sigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennari fylgist með þörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

3.1.2 Ýmsar kennsluaðferðir í lestri

Endurtekinn lestur:

Nemandinn les sama textann (100 orð) 3 – 5 sinnum, tíminn er mældur í hvert skipti og villur taldar. Tilvalið sem heimanám og/eða til að lesa á hverjum degi í skólanum.

Nemandinn les sama textann í 1 mínútu. Sami textinn er lesin 3 – 5 sinnum og orð talin í hvert skipti til að sjá framfarir. Þetta er bæði hægt að nota sem heimanám og/eða sem vinnu í skólanum.

Bergmálslestur:

Kennari/foreldri/forráðamaður situr við hlið nemandans og les í eyra hans. Lesið er örlítið hraðar en nemandinn er vanur og hann hvattur til að fylgja eftir eins og hann getur. Textanum er fylgt eftir með fingrinum.

Kennarinn les upphátt eina og eina setningu. Nemandinn reynir að endurtaka setninguna. Kennarinn lengir texta smátt og smátt.

Framsögn:

Nemandi fær texta eða velur sjálfur og æfir sig að lesa hann. Eftir að hafa fengið tækifæri til þess að æfa sig les hann fyrir hóp (t.d. bekkinn sinn) og getur brugðið út frá nákvæmum texta án þess að aðrir verði varir við það. Þegar nemendur hafa náð sæmilegri þjálfun er hægt að bæta við jafningjamati þar sem nemendur meta hvern annan (mikilvægt að halda gagnrýni á jákvæðum nótum og gefa ekki frjálst val).

Hljóðbókarlestur:

Hljóðbækur til lestrarþjálfunar byggja á aðferð sem nefnist „bók og band“. Aðferðin felst í því að nemandi fylgist með í bókinni um leið og hann hlustar á textann. Þessi aðferð hentar hæglæsum nemendum vel og gerir þeim kleift að lesa erfiðari texta. Hægt er að fá lánaðar hljóðbækur á Hljóðbókarsafni Íslands, hlusta.is og á Skólavefnum. Einnig er hægt að nálgast margar kennslubækur á hljóðbókarformi á nams.is.

Myndtextalestur:

Valin er textuð mynd (t.d. horft á íslenska mynd með íslenskum texta). Fjallað er um orðaforða (erfið orð, lykilorð) og söguþráð. Hægt er að vinna með myndlestur á þann hátt að allir lesa textann í hljóði eða þá að nemendur skiptast á að lesa textann upphátt. Góð tenging er að útbúa vinnubækur þar sem t.d. er unnið með orðaskýringar.

Hraðlestur:

Hraði nemandans er mældur með texta þar sem nemandinn les yfir 90% rétt (mikilvægt að hafa texta við hæfi). Sett eru upp skammtímamarkmið (20 – 40% framför í hraða fyrir 4 – 6 vikur). Sami texti er notaður við upphaf átaks og í lok þess en þess á milli er unnið með ýmsa æfingatexta. Niðurstöður eru settar inn í graf vikulega þar sem notast er við nýjan texta hverju sinni. Notast er við atkvæði á mínútu mælikvarða sjá viðmið fyrir hvern bekk í kafla 2.3.

Paralestur:

Nemandi og kennari / foreldri lesa saman. Lesið er hæfilega hratt og orð endurtekin sem nemandinn les rangt. Nemandinn gefur merki þegar hann vill lesa einn og heldur þá áfram með textann (einn). Kennarinn/foreldrið/forráðamaður leiðréttir villur og les með þar til nemandi getur haldi áfram einn.

Kórlestur:

Unnið er með stuttan texta þar sem allir lesa saman í kór. Gagnlegt getur verið að kennarinn lesi fyrst (fyrirmynd) og því næst lesa allir saman þ.m.t kennarinn. Að lokum lesa bara nemendur textann saman.

Leikræn tjáning:

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær stuttan texta til að lesa. Nemendur æfa sig við lesturinn og fá tilsögn. Nemendur æfa saman og flytja svo fyrir hina hópana.

4 Markmið

4.1 Yfirmarkmið

Grunnskólinn í Sandgerði stefnir að því að við útskrift nemenda úr 10. bekk hafi nemandi öðlast þá færni:

- Að geta lesið a.m.k. 300 atkvæði á mínútu í raddlestri.
- Að geta lesið a.m.k. (400-500) atkvæði á mínútu í hljóðlestri.
- Að geta lesið sér til skilnings þann texta sem unnið er að hverju sinni.
- Að geta flutt efni skv. framsagnarleiðbeiningum sómasamlega með þeim áherslum sem nefndar eru í Aðalnámskrá grunnskóla (bls. 101 í Aðalnámskrá grunnskóla 2013).

4.2 Leiðir

Til þess að ná settum markmiðum hafa markmið verið flokkuð niður og sett fram fyrir hverja bekkjardeild. Umsjónarkennarar leitast við að ná þeim markmiðum á hverju skólaári sem fyrir eru lögð með langtímamarkmið í huga.

5 Verkefni bekkjardeilda

5.1 1. bekkur

5.1.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að nemendur þekki alla stafi íslenska stafrófsins við lok fyrsta skólaárs.
- Að lestrarhraði nemenda sé **40 - 60 atkvæði á mínútu** við lok fyrsta skólaárs.
- Að nemendur kynnist fjölbreyttu lesefni.
- Að nemendur fá tækifæri og þjálfun í að lesa fjölbreytt lesefni s.s. skemmtiefni, ævintýri og fræðilegt efni.
- Að nemendur hafi lesefni við hæfi.
- Að nemendur fái þjálfun í ritun og læri að draga rétt til stafs.
- Að nemendur læri nokkrar lesskilningsaðferðir.

5.1.2 Leiðir

Umsjónarkennarar 1. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 1. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennara að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt.

Mikil áhersla er lögð á að gott samstarf sé á milli fyrstu bekkja Grunnskólans í Sandgerði og elstu nemenda Leikskólans Sólborgar. Umsjónarkennari þarf t.d. að gera sér grein fyrir því hvað nemendur hans hafa verið að læra á síðasta ári þeirra í leikskóla og hvort búið sé að byggja einhvern grunn sem nauðsynlegt sé að viðhalda.

Viðmiðunarreglan er sú að leggja einn til tvo bókstafi inn á viku og vinna með hann á fjölbreyttan hátt. Atriði sem þarf að hafa í huga eru t.d.: skriftarátt stafs, hljóð stafs, segir hann sig sjálfur eða ekki, hver eru tengsl hans við aðra stafi og hljóð. Mikilvægt er að hver bókstafur sé fönndraður á margvíslegan hátt í höndum nemandans t.d. mála hann, teikna, klippa eða búið til fígúru úr honum. Unnið er út frá lestrarbókunum „Listin að lesa og skrifa“ og fjölmargar hugmyndir að skemmtilegum verkefnum fyrir hvern bókstaf úr bókinni *Í stafaleik*.

Í 1. bekk er einnig unnið eftir K-PALS aðferðinni þrisvar sinnum í viku. K-PALS samanstendur af tvenns konar verkefnum, hljóðaleikja- og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðavitundar. Markmið umskráningarverkefnanna er að styrkja umskráningu og orðaþekkingu.

Til að þjálfra lesskilning nemenda eiga umsjónarkennarar 1. bekkjar að leggja áherslu á þessar aðferðir:

- Forspá út frá titli og mynd.
- Samræðulestur.
- Orsaka- og merkingartengsl.
- Að gera sér í hugarlund.
- Að skilgreina orð og hugtök.
- Hlustunarskilning.

Lestrarbækurnar Léttlestrarbækur eru notaðar þegar nemandi er kominn vel á veg í lestri. Námsmatsstofnun gefur út lista yfir léttlestrarbækur sem tilgreinir þyngdarstig. Mikilvægt er að kennari haldi utan um skráningu lesinna bóka hvers nemanda og velji bækur í þeim styrkleika sem hentar nemandanum. Kennari nota gátlista sem unnin var í skólanum og fylgir hverjum nemanda næstu árin.

5.1.3 Námsmat

Mikilvægt er að kennari sé meðvitaður um lestrarhæfni hvers nemanda fyrir sig. Lestrargeta nemenda er ólík og eru margir nemendur þegar læsir er þeir hefja nám í 1. bekk. Nemendur fara í skimunarpróf, hraðlestrarpróf og eftirfylgniþróf í sjónrænum orðaforða.

Stafakönnun

- Lagt fyrir í október/nóvember fyrir einstaka nemendur.

Hraðlestrarpróf

- Lagt fyrir í desember hjá þeim nemendum sem geta farið í hraðlestrarpróf.
- Lagt fyrir í febrúar í lok lestrarátaks.
- Lagt fyrir að vori við lok 1. bekkjar.

Lesskilningspróf

- Lagt fyrir í desember og maí.

5.1.4 Sérstök greiningarpróf

Í 1. bekk er gert ráð fyrir eftirfarandi skimunarprófum.

- Leið til læsis, skimunarpróf, lagt fyrir í október.
- Hljóðfærni greiningarpróf lagt fyrir einstaka nemendur í október og aftur í apríl.
- Læsi 1.2, ritmálsvitundarpróf, er lagt fyrir í febrúar / mars.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.1.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlun er hluti af einstaklingsáætlun nemandans. Sjá kafla um greiningar.

5.1.6 Hlutverk heimila

Mikilvægt er að börn í 1. bekk lesi heima á hverjum degi, 5 - 7 sinnum í viku.

Hér kemur í hlut foreldra/forráðamanna að hlusta á og hjálpa börnum sínum að lesa á hverjum degi í 7 – 15 mínútur og kvitta í Lestrarkjóðuna. Æskilegt er að lesa hverja blaðsíðu þrisvar sinnum. Þegar lestrarfærnin hefur aukist lesa nemendur hverja blaðsíðu tvisvar sinnum. Foreldrar/forráðamenn eiga líka að vinna verkefnið Orðasafn með börnum sínum, sjá nánar í Lestrarskjóðunni.

Jafnframt er mikilvægt að hvetja barnið til að finna orð með þeim stöfum sem barnið er að læra, t.d. ef verið er að leggja inn stafinn A eru fundin orð sem byrja á a. Góð venja er að skrifa þau orð sem rætt er um niður í stílabók.

Auk þessa er mjög gott fyrir börn á þessum aldri að hlusta á sögur og eru foreldrar og forráðamenn hvattir til þess að lesa sögur fyrir börn sín eða með þeim og auka þannig orðaforða þeirra, glæða áhuga á lestri og hjálpa þeim þar með við lestranámið.

*Eftirfarandi bæklingar eru afhentir áður en nemendur hefja nám í 1. bekk, venjulega á vorfundi:

- *Leggjum börnunum lið ...við læsi*
- *Foreldrar og forráðamenn grunnskólabarna – takið virkan þátt í námi barna ykkar*

Tryggja þarf að allir foreldrar nemenda 1. bekkjar hafi þessa bæklinga sem og annað efni sem tengist lestri og lestrarkennslu sem foreldrar þurfa.

5.1.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfna þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.1.8 Kennsluaðferðir

Bent er á kennsluleiðbeiningar með kennslubókunum „Það er leikur að læra“ og „Við lesum“.

Einnig er bent á Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson og Íslenska í 1. og 2. bekk handbók kennara (námsgagnastofnun).

5.1.9 Verkefni

Lagt er til að unnið sé með verkefnið *Ótrúleg eru ævintýrin* í 1. bekk.

5.2 2. bekkur

5.2.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að lestrarhraði nemenda verði **70 - 100 atkvæði á mínútu** við lok annars skólaárs.
- Að nemendur kynnist fjölbreyttu lesefni.
- Að nemendur fá tækifæri og þjálfun í að lesa fjölbreytt lesefni s.s. skemmtiefni, ævintýri og fræðilegt efni.
- Að nemendur hafi lesefni við hæfi.
- Að nemendur fái þjálfun í fjölbreyttri ritun og læri um byrjun, meginmál, endir.
- Að nemendur læri nokkrar lesskilningsaðferðir.

5.2.2 Leiðir

Umsjónarkennari/erar 2. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 2. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar og ef gap myndast í einni bekkjardeild fer áætlunin úr skorðum og þar með minnka líkurnar á því að markmið náist.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennara að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara, hver þjálfun tekur viku og fá nemendur fjögur hefti í röð á hvorri önn.

Í 2. bekk er unnið eftir PALS lestraraðferðinni sem byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 – 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Þörlin nota sigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennari fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Til að þjálfna lesskilning nemenda leggur umsjónarkennari 2. bekkjar áherslu á þessar aðferðir:

- Að álykta um merkingu óþekkra orða.
- Ekki finnast svör við öllum spurningum.
- Að greina aðalatriði og gera samantekt.
- Orðavefur; samsett orð.
- Hlustunarskilningur.

Leikurinn Orða-bak-forði mynd líka passa þarna með. Einnig þarf að vinna áfram með þær aðferðir sem lagðar voru inn 1. bekk.

5.2.3 Námsmat

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að nemendur í 2. bekk séu búnir að ná einhverri lesfimi og taki þar af leiðandi hraðlestrarpróf.

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins lagt fyrir að hausti, við lok lestrarátaks.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir í desember.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir að vori.
- Eftirfylgniþróf í lesfimi og sjónrænum orðaforða frá Leið til læsis.

Niðurstöður settar upp í framfaratöflu nemenda í hraðlestri sem fylgir honum frá ári til árs.

5.2.4 Sérstök greiningarpróf

Í 2. bekk er gert ráð fyrir eftirfarandi skimunarprófum:

- Læsi 2.1 er lagt fyrir í nóvember.
- Læsi 2.2. er lagt fyrir í mars.
- Aston Index, stafsetning stakra orða eftir upplestri er lagt fyrir í 2. bekk. Umsjónarkennari skilar niðurstöðum til sérkennara sem skoðar nánar niðurstöður hjá þeim nemendum sem eru með fleiri en 5 villur.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.2.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlun er hluti af einstaklingsáætlun nemandans. [Sjá kafla um greiningar.](#)

5.2.6 Hlutverk heimila

Það er mjög mikilvægt að börn í 2. bekk lesi heima á hverjum degi, minnst 5 sinnum í viku. Þá kemur að hlutverki foreldra/forráðamanna að hlusta á og hjálpa börnum sínum að lesa á hverjum degi í 7 – 15 mínútur og kvitta í Lestrarskjóðuna. Æskilegt er að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum og fyrir þá sem eiga erfitt með lestur er gott að lesa hverja blaðsíðu þrisvar sinnum. Foreldrar/forráðamenn eiga líka að vinna verkefnið Orðasafn með börnum sínum, sjá nánar í Lestrarskjóðunni. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum.

Auk þessa er mjög gott fyrir börn á þessum aldri að hlusta á sögur, þá ættu foreldrar að lesa sögur fyrir börn sín og auka þannig orðaforða þeirra, glæða áhuga á lestri og hjálpa þeim þannig við lestranámið.

5.2.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfra þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.2.8 Kennsluaðferðir

Bent er á Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson og Íslenska í 1. og 2. bekk handbók kennara (námsgagnastofnun).

5.2.9 Verkefni

Lagt er til að kennsluefnið *Prinsessan í hörpunni* sé notað í 2. bekk.

5.3 3. bekkur

5.3.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að lestrarhraði nemenda verði á bilinu **100 - 170** atkvæði við lok þriðja skólaárs.
- Að nemendur fá tækifæri og þjálfun í að lesa fjölbreytt lesefni s.s. skemmtiefni, ævintýri, fræðilegt efni.
- Að auka lestrarfærni nemenda.
- Að nemendur hafi lesefni við hæfi.
- Að nemendur þjálfist í framsögn.
- Að nemendur fá þjálfun í ritun og læri um ferli ritunar.
- Að nemendur læri nokkrar lesskilningsaðferðir.

5.3.2 Leiðir

Umsjónarkennari/arar 3. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 3. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar og ef gap myndast í einni bekkjardeild fer áætlunin úr skorðum og þar með minnka líkurnar á því að markmið náist.

Í 3. bekk er unnið eftir PALS lestraraðferðinni sem byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 – 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Þörin nota sigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennari fylgist með pörunum og aðsoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennari að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt.

Æskilegt er að nemendur lesi upphátt í skólanum 4 sinnum í viku og lesi þá ýmist í heimalestrarbókunum sínum eða í lestrarhóp þar sem skipt er í hópa eftir getu. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara, hver þjálfun tekur viku og fá nemendur fjögur hefti í röð á hverri önn.

Kennt er eftir hljóðaaðferð og LTG/orðhlutaaðferð en áhersla er lögð á að hafa lesturinn sem fjölbreyttastan, s.s. endurtekinn lestur, bergmálslestur, framsögn, leikræn tjáning, hljóðbókarlestur, myndtextalestur, kórlestur og ritun. Hvatt er til þess að nota glósubók í íslensku þar sem orðaforða er safnað saman.

Til að þjálfra lesskilning nemenda leggur umsjónarkennari 3. bekkjar áherslu á þessar aðferðir:

- Að álykta út frá bakgrunnsþekkingu.
- Að hlusta á innri rödd.
- Að greina klifun.
- Að skrá mikilvæga upplýsingar.
- Orðavefur: orð með svipaða merkingu.

Mikilvægt er að rifja upp og halda áfram að vinna með þær lesskilningsaðferðir sem nemendur lærðu í 2. bekk.

5.3.3 Námsmat

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 3. bekk:

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins lagt fyrir að hausti við lok lestrarátaks.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir í desember.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir að vori.
- Eftirfylgniþróf í lesfimi og sjónrænum orðaforða frá Leið til læsis.

Niðurstöður settar upp í framfaraöflu nemenda í hraðlestri sem fylgir honum frá ári til árs.

5.3.4 Sérstök greiningarpróf

Í 3. bekk er gert ráð fyrir að eftirfarandi skimunarpróf séu lögð fyrir:

- Nemendur í 3. bekk fara í Logos skimunarpróf í janúar.
- Aston Index, stafsetning stakra orða eftir upplestri er lagt fyrir í 3. bekk. Umsjónarkennari skilar niðurstöðum til sérkennara sem skoðar nánar niðurstöður hjá þeim nemendum sem eru með fleiri en 5 villur.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.3.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlun er hluti af einstaklingsáætlun nemandans. Sjá kafla um greiningar.

5.3.6 Hlutverk heimila

Það er mjög mikilvægt að börn í 3. bekk lesi heima á hverjum degi í 15 mínútur, minnst 5 sinnum í viku. Þá kemur að hlutverki foreldra/forráðamanna að hlusta á og hjálpa börnum sínum að lesa á hverjum degi og kvitta í Lestrarskjóðuna. Æskilegt er að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum og fyrir þá sem eiga erfitt með lestur er gott að lesa hverja blaðsíðu þrisvar sinnum. Foreldrar/forráðamenn eiga líka að vinna verkefnið Orðasafn með börnum sínum, sjá nánar í

Lestrarskjóðunni. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum.

Þeir nemendur sem hafa náð góðum tókum á lestri og eru farnið að lesa yfir 170 atkvæði þurfa nú að fara að vanda sig meira við að lesa, stoppa við punkta og kommur og þjálfra þannig framsögn og lestrarfærni.

Auk þessa er mjög gott fyrir börn á þessum aldri að hlusta á sögur, þá ættu foreldrar að lesa sögur fyrir börn sín og auka þannig orðaforða þeirra, glæða áhuga á lestri og hjálpa þeim þannig við lestranámið.

5.3.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfra þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.3.8 Kennsluaðferðir

Mikilvægt er að kennarar leitist við að nota fjölbreytta kennsluaðferðir. Bent er á *Litróf kennsluaðferðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson og Íslenska í 3. og 4. bekk handbók kennara (Námshangastofnun),

5.3.8 Verkefni

Lagt er til að kennsluverkefnið *Blómin á þakinu* sé unnið í 3. bekk og ágætt að byrja á því í nóvember.

5.4 4. bekkur

5.4.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að lestrarhraði nemenda verði **150 - 200** atkvæði á mínútu við lok fjórða skólaárs.
- Að nemendur fá tækifæri og þjálfun í að lesa fjölbreytt lesefni s.s. skemmtiefni, ævintýri og fræðilegt efni.
- Að auka lestrarfærni nemenda í framsögn, lesskilningi og hljóðalestri.
- Að nemendur hafi lesefni við hæfi.
- Að nemendur þjálfist í framsögn.
- Að nemendur fái þjálfun í ritun.
- Að nemendur læri nokkrar lesskilningsaðferðir.

5.4.2 Leiðir

Umsjónarkennari/arar 4. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 4. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar og ef gap myndast í einni bekkjardeild fer áætlunin úr skorðum og þar með minnka líkurnar á því að markmið náist.

Í 4. bekk er unnið eftir PALS lestraraðferðinni sem byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi með æfingum sem þeir vinna í 35 – 45 mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku. Nemendur vinna saman í pörum og aðstoða hvorn annan við að bæta lesturinn. Þörin nota sigakerfi sem hvatningu og gefa sér stig m.a. fyrir að ljúka verkefnum. Kennari fylgist með pörunum og aðstoðar þau eftir þörfum við að bæta lesturinn.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennara að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Allir nemendur eru með lestrarbækur við hæfi til að lesa í 15 mínútur heima á hverjum degi tvisvar til þrisvar hverja blaðsíðu. Foreldrar eða forráðamenn hlusta og kvitta í Lestrarskjóðuna. Kennarinn fylgist með því hvort nemendur lesa heima eða ekki. Æskilegt er að nemendur lesi upphátt í skólanum 4 sinnum í viku. Foreldrar/forráðamenn eiga að vinna verkefnið Orðasafn með nemendum en það verkefni er í Lestrarskjóðunni. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara, hver þjálfun tekur viku og fá nemendur fjögur hefti í röð á hverri önn.

Til að þjálfra lesskilning nemenda leggur umsjónarkennari 4. bekkjar áherslu á þessar aðferðir:

- Að lesa, skrifa og spjalla
- Spurningavefur.
- Að gera samantekt samhliða lestri.
- Rót/orð vikunnar
- Að álykta um merkingu orða út frá samhengi.
- Læra að nota yfirstrikunarpenna við lestur.

Mikilvægt er að rifja upp og halda áfram að vinna með þær lesskilningsaðferðir sem nemendur lærðu í 3. bekk

5.4.3 Námsmat

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 4. bekk:

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins lagt fyrir að hausti, við lok lestrarátaks.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf lagt fyrir að vori
- Eftirfylgnipróf í lesfimi frá Leið til læsis.

Niðurstöður settar upp í framfarartöflu nemenda í hraðlestri sem fylgir honum frá ári til árs.

5.4.4 Sérstök greiningarpróf

Í 4. bekk er gert ráð fyrir að eftirfarandi skimunarprófum séu lögð fyrir:

- Samræmd próf - í 4. bekk er gert ráð fyrir að samræmd próf séu notuð til skimunar á námsörðugleikum nemenda.
- Aston Index, stafsetning stakra orða eftir upplestri er lagt fyrir í 4. bekk. Umsjónarkennari skilar niðurstöðum til sérkennara sem skoðar nánar niðurstöður hjá þeim nemendum sem eru með fleiri en 5 villur.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.4.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlun er hluti af einstaklingsáætlun nemandans. [Sjá kafla um greiningar.](#)

5.4.6 Hlutverk heimila

Það er mjög mikilvægt að börn í 4. bekk lesi heima á hverjum degi í 15 mínútur. Þá kemur að hlutverki foreldra/forráðamanna að hlusta á börn sín lesa á hverjum degi og kvitta í Lestrarskjóðuna. Hvetja þarf nemendur sem hafa náð góðum lestrarhraða til að vanda sig við lesturinn, stoppa við kommur og punkta og lesa skýrt og vel. Þeir nemendur sem eru ekki búnir að ná tókum á lestrinum þurfa að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum.

Að auki er mikilvægt að hvetja börn til yndislesturs og jafnvel að lesa bækur/ sögur fyrir þau öðru hvoru svo þau heyri hvernig þjálfaðir lesarar lesa .

5.4.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfna þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.4.8 Verkefni

Lagt er til að unnið sé með kennsluverkefnið *Sagan af Bláa hnettinum eftir Andra Snær* eða *Flýgur fiskisagan eftir Ingólf Steinsson og Hrönn Arnarsdóttur* í 4. bekk.

5.5 5. bekkur

5.5.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að nemendur lesi **180 - 250** atkvæði á mínútu við lok fimmta skólaárs.
- Að nemendur lesi **300 til 400** atkvæði á mínútu í hljóðlestri með lesskilningi.
- Að nemendur geti lesið upphátt með eðlilegum áherslum.
- Að nemendur geti lesið texta sér til fróðleiks og ánægju.
- Að nemendur geti leitað í texta að svörum lesskilningsspurninga.
- Að nemendur læri nokkrar lesskilningsaðferðir.
- Að nemendur þjálfist í framsögn.
- Að nemendur þjálfist í ritun.

5.5.2 Leiðir

Umsjónarkennari/arár 5. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 5. bekk sé framfylgt. Mikilvægt er að umsjónarkennari leiti til samstarfs annarra kennara er tengjast umsjónarbekk hans.

Við upphaf skólaárs er umsjónarkennara ætlað að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Umsjónarkennari notar Lestrarskjóðuna, Skjatta- heimanáms- og lestrarkvittunarbók eða aðra kvittunarbók sem hann telur henta sínum hóp. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara, hver þjálfun tekur viku og fá nemendur fjögur hefti í röð á hverri önn.

Til að þjálfna lesskilning nemenda leggur umsjónarkennari 5. bekkjar áherslu á þessar aðferðir:

- Samantekt: samvinna nemenda.
- Orðavefur; forskeyti, rót eða stofn.
- Ég hef orðið – hver hefur merkinguna?

Mikilvægt er að rifja upp og halda áfram að vinna með þær lesskilningsaðferðir sem nemendur lærðu í 4. bekk.

Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum um árangur nemanda í lestri til foreldra. Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

5.5.3 Námsmat

Lestraráætlun Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 5. bekk.

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins áður lagt fyrir nemendum að hausti við lok lestrarátaks..
- Hraðlestarpróf í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf að vori.

Framsagnarpróf

- Lagt fyrir á vorönn hjá þeim nemendum sem hafa þrisvar sinnum náð 200 atkvæðum í lestri á hraðlestrarprófi.

5.5.4 Sérstök greiningarpróf

Í 5. bekk er gert ráð fyrir að eftirfarandi skimunarpróf séu lögð fyrir:

- Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri fyrir 5. bekk. Umsjónarkennari skilar niðurstöðum til sérkennara sem skoðar nánar niðurstöður hjá þeim nemendum sem eru með fleiri en 5 villur.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.5.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlun er hluti af einstaklingsáætlun nemandans. Sjá kafla um greiningar.

5.5.6 Hlutverk heimila

Það er mjög mikilvægt að börn í 5. bekk lesi heima á hverjum degi í 15 - 30 mínútur. Þá kemur að hlutverki foreldra/forráðamanna að hlusta á börn sín lesa á hverjum degi og kvitta í þar til gerða stílabók. Í 5. bekk er námsefni farið að þyngjast frá því sem áður var og því er vert að hafa í huga að heimalestur getur verið á ýmsu formi. Hvetja þarf nemendur sem hafa náð góðum lestrarhraða til að vanda sig við lesturinn, stoppa við kommur og punkta og lesa skýrt og vel. Þeir nemendur sem eru ekki búnir að ná tókum á lestrinum þurfa að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum.

Að auki er mikilvægt að hvetja börn til yndislesturs og jafnvel að lesa bækur/ sögur fyrir þau öðru hvoru svo þau heyri hvernig þjálfaðir lesarar lesa .

5.5.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfra þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávík þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.5.8 Kennsluaðferðir

Hvatt er til notkunar fjölbreyttra kennsluaðferða og bent er á kafla stefnunnar um kennsluaðferðir. Einnig er bent á *Litróf kennsluaðferðanna* eftir Ingvar Sigurgeirsson.

5.5.9 Verkefni

Lagt er til að kennsluefnið Blái hnötturinn eftir Andra Snæ Magnason sé lagt fyrir í 5. bekk.

Einnig er bent á kennsluefnið Jón Oddur og Jón Bjarni, Kleinur og karrý.

5.6 6. bekkur

5.6.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að nemendur lesi **200-300** atkvæði á mínútu við lok sjötta skólaárs.
- Að nemendur hafi náð **400 til 500** atkvæðum í hljóðlestri með lesskilningi.
- Að nemendur geti lesið upphátt með eðlilegum áherslum, af öryggi og skilningi á almennum texta.
- Að nemendur lesi texta sér til fróðleiks og ánægju.
- Að nemendur geti leitað í texta að svörum lesskilningsspurninga.
- Að nemendur þjálfist í gagnvirkum lestri, SSLSR (skoða, spyrja, lesa, segja, rifja upp), og KVL (kann, vill vita, hef lært)
- Að nemendur þjálfist í framsögn.

5.6.1 Leiðir

Umsjónarkennari/arár 6. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 6. bekk sé framfylgt. Mikilvægt er að umsjónarkennari hvetji aðra kennara til samstarfs.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennara að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Umsjónarkennari og foreldrar/forráðamenn munu halda áfram að nota Skjatta- heimanáms og lestrarkvittunarbók eða aðra kvittunarbók sem honum finnst henta. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara, hver þjálfun tekur viku og fá nemendur fjögur hefti í röð á hverri önn.

Kennara 6. bekkjar er ætlað að kynna sér lestraraðferðirnar, gagnvirkan lestur, SSLSR og KVL og kenna nemendum sínum. Hann getur bætt við öðrum lestraraðferðum sem nemendur hafa lært úr 4. og 5. bekk .

Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum um árangur nemanda í lestri til foreldra. Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

5.6.3 Námsmat

Lestraráætlun Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 6. bekk.

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins lagt fyrir nemendum að hausti við lok lestrarátaks að hausti.
- Hraðlestarpróf í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf að vori.

Framsagnarpróf

- Lagt fyrir á vorönn hjá þeim nemendum sem hafa þrisvar sinnum náð 200 atkvæðum í lestri á hraðlestrarprófi.

5.6.4 Sérstök greiningarpróf

Gert er ráð fyrir eftirfarandi skimunarprófum í 6. bekk:

- Skimun í Logos lagt fyrir í október/nóvember
- Aston Index stafakönnun.
- Umsjónarkennari ber ábyrgð á að upplýsingar berist foreldrum. Umsjónarkennari skilar niðurstöðum til sérkennara sem skoðar nánar niðurstöður hjá þeim nemendum sem eru með fleiri en 5 villur.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.6.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlun er hluti af einstaklingsáætlun nemandans. Sjá kafla um greiningar.

Sérkennari og umsjónarkennari taka sameiginlega ákvörðun um hvaða fráviksþjónustu þeir nemendur fá sem eru með alvarlega lestrarörðugleika. Með fráviksþjónustu er m.a. átt við lengri prófatíma í hljóðlestrarprófum með lesskilningi. Í hljóðlestrarprófi með lesskilningi má lesa spurningarnar fyrir nemandann. Einnig gæti verið um að ræða að skrifa fyrir nemandann í hljóðlestrarprófum með lesskilningi.

5.6.6 Hlutverk heimila

Það er mjög mikilvægt að börn í 6. bekk lesi heima á hverjum degi. Þá kemur að hlutverki foreldra/forráðamanna að hlusta á börn sín lesa á hverjum degi og kvitta í þar til gerða stílabók. Í 6. bekk er námsefni farið að þyngjast frá því sem áður var og því er vert að hafa í huga að heimalestur getur verið á ýmsu formi. Hvetja þarf nemendur sem hafa náð góðum lestrarhraða til að vanda sig við lesturinn, stoppa við kommur og punkta og lesa skýrt og vel. Þeir nemendur sem eru ekki búnir að ná tókum á lestrinum þurfa að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum.

Að auki er mikilvægt að hvetja börn til yndislesturs og jafnvel að lesa bækur/ sögur fyrir þau öðru hvoru svo þau heyri hvernig þjálfaðir lesarar lesa .

5.6.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfna þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.6.8 Kennsluaðferðir

Hvatt er til notkunar fjölbreyttra kennsluaðferða. Bent er á bókina *Litróf kennsluaðferðana* eftir Ingvar Sigurgeirsson.

5.6.9 Verkefni

Lagt er til að kennsluverkefnið *Benjamín dúfa* sé unnið í 6. bekk.

5.7 7. bekkur

5.7.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að nemendur lesi **250-300** atkvæði á mínútu við lok sjöunda skólaárs.
- Að nemendur séu allir farnir að lesa sér til skilning.
- Að nemendur geti lesið upphátt með eðlilegum áherslum.
- Að nemendur lesi sér til skilnings í hljóði og geti þar með tileinkað sér efni þess texta sem lagður er fyrir hvort sem um er að ræða námsefni eða annað efni.
- Að nemendur eflist í framsögn og sérstök áhersla verði lögð á þann þátt lestrarfærinnar.

5.7.2 Leiðir

Umsjónarkennari/erar 7. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 7. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar og ef gap myndast í einni bekkjardeild fer áætlunin úr skorðum og þar með minnka líkurnar á því að markmið náist. Mikilvægt er að umsjónarkennarar hvetji aðra kennara til samstarfs. Umsjónarkennari og foreldrar/forráðamenn munu halda áfram að nota Skjattaheimanáms og lestrarkvittunarbók eða aðra bók sem honum finnst henta. Umsjónarkennari hefur eftirlit með heimalestri nemenda og hringir heim ef heimalestri er ekki sinnt. Þeir nemendur sem ekki hafa náð viðmiðum bekkjarins í lestri fá auka lestrarþjálfun heim frá sérkennara, hver þjálfun tekur viku og fá nemendur fjögur hefti í röð á hverri önn.

Nemendur í 7. bekk halda áfram að tileinka sér þær lesskilningsaðferðir sem þeir hafa þegar lært en lagt er áherslu á gagnvirkan lestur, SSLSR og KVL.

Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennari að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Þó svo að kennara sé ætlað að halda utan um þau verkefni og ná þeim markmiðum sem ætluð eru 7. bekk hefur hann sveigjanleika til að vinna í kringum efnið og getur farið ólíkar aðferðir í kennslu eftir því sem honum hentar og sinni bekkjardeild hverju sinni (sjá einnig kafla um kennsluaðferðir). Aðalatriðið er þó að hann vinni að þeim markmiðum sem sett eru.

5.7.3 Námsmat

Lestraráætlun Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 7. bekk:

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins lagt fyrir nemendum að hausti við lok lestrarátaks.
- Hraðlestarpróf í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf að vori.

Framsagnarpróf

- Lagt fyrir á vorönn hjá þeim nemendum sem hafa þrisvar sinnum náð 200 atkvæðum í lestri á hraðlestrarprófi.

5.7.4 Sérstök greiningarpróf

Gert er ráð fyrir eftirtöldum skimunarprófum í 7. bekk:

- Samræmd próf í 7. bekk - Gert er ráð fyrir að Samræmd könnunarpróf í 7. bekk séu notuð til skimunar á námsgetu nemenda.
- Aston Index stafsetning stakra orða eftir upplestri. Umsjónarkennari skilar niðurstöðum til sérkennara sem skoðar nánar niðurstöður hjá þeim nemendum sem eru með fleiri en 5 villur.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.7.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa (sjá kafla 5.7.3) þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlunin er hluti af einstaklingsáætlun nemandans.

5.7.6 Hlutverk heimila

Langflestir nemendur í 7. bekk ættu að vera búnir að ná tókum á lestri en nú hefst upplestrarþjálfun og framsögn. Þá er mikilvægt að hlusta á þau æfa sig að lesa texta upphátt og hvetja þau til að lesa skýrt, líta upp og standa bein í báðar fætur. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum. Auk þess er mikilvægt að hvetja börnin til yndislestrar og að taka sér bækur á bóksafni til að lesa.

5.7.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfra þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávík þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.7.8 Kennsluaðferðir

- Bent er á bókina Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson.
- Gagnvirkur lestur.

5.7.9 Verkefni

Bent er á verkefnið Margt býr í myrkrinu sem byggist á skáldsögu Þorgríms Þráinssonar.

Stóra upplestrarkeppnin, framsögn og tjáning

Í 7. bekk er mikil áhersla lögð á framsögn og tjáningu og þá sérstaklega í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina sem hefst formlega á degi íslenskrar tungu ár hvert. Grunnskólinn í Sandgerði hefur lagt mikla áherslu á að halda vel utan um þessa keppni, bæði innanskólakeppnina sem og þá keppendur sem taka þátt fyrir hönd skólans í Suðurnesjakeppninni.

Bent er á að á hverju ári er gefið út rit og leiðbeiningar vegna keppinnar. Einnig er til mappa með gagnlegum upplýsingum og verkefnum tengt keppninni.

Venjan er að innanskólakeppnin sé með formlegu sniði og að kennari hvetji alla sína nemendur til að taka þátt og þjálfri þá upp til þess. Nemendum 6. bekkjar er iðulega boðið að vera viðstaddir keppnina og þar með læra nemendur að lesa fyrir ókunnuga og hlustendur læra að hlusta og sýna tillitsemi og virðingu.

Ýmislegt gagnlegt:

Púlt, skólafáni, blóm á borði, myndavél, fundarstjóri, snyrtilegur klæðnaður, dómarar (venjulega þrír), dæmablöð, pennar og blýantar, verðlaunaskjöldur,

5.8 8. bekkur

5.8.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að lestrarhraði nemenda verði **300 - 350** atkvæði á mínútu við lok 8. bekkjar.
- Að nemendur geti lesið amk **400-500** atkvæði á mínútu í hljóðlestri.
- Að nemendur geti lesið sér til skilnings, gagns og skemmtunar þann texta sem unnið er að hverju sinni.
- Að nemendur geti flutt efni skv. framsagnarleiðbeiningum sómasamlega með þeim áherslum sem nefndar eru í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Að nemendur hafi öðlast færni í notkun gagnvirks lestur í öllu sínu lesefni.

5.8.2 Leiðir

Umsjónarkennari/erar 8. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 8. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar og ef gap myndast í einni bekkjardeild fer áætlunin úr skorðum og þar með minnka líkurnar á því að markmið náist. Mikilvægt er að umsjónarkennari hvetji aðra kennara til samstarfs.

Við upphaf skólaárs er umsjónarkennara ætlað að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

Þó svo að kennara sé ætlað að halda utan um þau verkefni og ná þeim markmiðum sem ætluð eru 8. bekk hefur hann sveigjanleika til að vinna í kringum efnið og getur farið ólíkar aðferðir í kennslu eftir því sem honum hentar og sinni bekkjardeild hverju sinni (sjá einnig kafla um kennsluaðferðir). Aðalatriðið er þó að hann vinni að þeim markmiðum sem sett eru.

5.8.2 Námsmat

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 8. bekk:

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins áður lagt fyrir nemendur að hausti við lok lestrarátaks.
- Hraðlestarpróf í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf að vori.

Framsagnarpróf

- Lagt fyrir á vorönn hjá þeim nemendum sem hafa þrisvar sinnum náð 200 atkvæðum í lestri á hraðlestrarprófi.

5.8.3 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa (sjá kafla 5.7.3) þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlunin er hluti af einstaklingsáætlun nemandans.

5.8.4 Hlutverk heimila

Langflestir nemendur í 8. bekk ættu að vera búnir að ná tókum á lestri. Á unglíngastigi er mikil áhersla lögð á upplestrarþjálfun og framsögn ásamt gagnvirkum lestri þar sem áhersla er lögð á að nemendur lesi sér til skilnings. Mikilvægt er því að heimilin stuðli að lestri heimavið í eins víðu samhengi og hægt er. Á hér t.d. við að stuðla að eflingu orðaforða, lesa og horfa á fréttir, spyrja spurninga úr lefni nemandans og biðja um útskýringar. Einstaka nemendur fá auka lestrarþjálfun heim í fjórar vikur í senn og mikilvægt að foreldrar sinni þessari þjálfun með börnum sínum. Þá er mikilvægt að hlusta á nemendur æfa sig að lesa texta upphátt og hvetja þau til að lesa skýrt, líta upp og standa bein í báðar fætur.

Alltaf skal hvetja nemendur til yndislestrar.

5.8.5 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfna þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.8.6 Kennsluaðferðir

- Bent er á bókina Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson.
- Gagnvirkur lestur.

5.8.7. Verkefni

Bent er á kennsluefnið Kjalnesingasaga, Grænkápa, Áfram Óli og Tungufoss 1 til notkunar í 8. bekk.

5.9 9. bekkur

5.9.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að lestrarhraði nemenda verði **300 - 350 atkvæði** á mínútu við lok 10. bekkjar.
- Að nemendur geti lesið amk **400-600 atkvæði** á mínútu í hljóðlestri.
- Að nemendur geti lesið sér til skilnings, gagns og skemmtunar þann texta sem unnið er að hverju sinni.
- Að nemendur geti flutt efni skv. framsagnarleiðbeiningum sómasamlega með þeim áherslum sem nefndar eru í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Að nemendur hafi öðlast færni í notkun gagnvirks lestur í öllu sínu lesefni.

5.9.2 Leiðir

Umsjónarkennari/erar 9. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 9. bekk sé framfylgt. Allar bekkjardeildir hafa sín viðfangsefni og markmið innan áætlunarinnar og ef gap myndast í einni bekkjardeild fer áætlunin úr skorðum og þar með minnka líkurnar á því að markmið náist. Mikilvægt er að umsjónarkennari hvetji aðra kennara til samstarfs.

Við upphaf skólaárs á umsjónarkennari að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

Þó svo að kennara sé ætlað að halda utan um þau verkefni og ná þeim markmiðum sem ætluð eru 9. bekk hefur hann sveigjanleika til að vinna í kringum efnið og getur farið ólíkar aðferðir í kennslu eftir því sem honum hentar og sinni bekkjardeild hverju sinni (sjá einnig kafla um kennsluáðferðir). Aðalatriðið er þó að hann vinni að þeim markmiðum sem sett eru.

5.9.3 Námsmat

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 9. bekk:

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins áður lagt fyrir nemendur að hausti við lok lestrarátaks.
- Hraðlestarpróf í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf að vori hjá þeim nemendum sem hafa ekki náð viðmiðum bekkjarins í lestri.

Framsagnarpróf

- Lagt fyrir á vorönn hjá þeim nemendum sem hafa þrisvar sinnum náð 200 atkvæðum í lestri á hraðlestrarprófi.

5.9.4 Sérstök greiningarpróf

Í 9. bekk er gert ráð fyrir að eftirfarandi skimunarpróf séu notuð:

- Logos skimun, lögð fyrir í september/október .

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.9.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa (sjá kafla 5.7.3) þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlunin er hluti af einstaklingsáætlun nemandans.

5.9.6 Hlutverk heimila

Langflestir nemendur í 9. bekk ættu að vera búnir að ná tókum á lestri. Á unglíngastigi er mikil áhersla lögð á upplestrarþjálfun og framsögn ásamt gagnvirkum lestri þar sem áhersla er lögð á að nemendur lesi sér til skilnings. Mikilvægt er því að heimilin stuðli að lestri heimavið í eins víðu samhengi og hægt er. Á hér t.d. við að stuðla að eflingu orðaforða, lesa og horfa á fréttir, spyrja spurninga úr lesefni nemandans og biðja um útskýringar.

Þá er mikilvægt að hlusta á nemendur æfa sig að lesa texta upphátt og hvetja þau til að lesa skýrt, líta upp og standa bein í báðar fætur.

Alltaf skal hvetja nemendur til yndislestrar.

5.9.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfna þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.9.8 Kennsluaðferðir

- Bent er á bókina Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson.
- Gagnvirkur lestur.

5.9.9 Verkefni

Bent er á kennsluefnið Laxdæla, Gauragangur og Tungufoss 2 til kennslu í 9. bekk.

5.10 10. bekkur

5.10.1 Markmið

Stefnt er að því:

- Að lestrarhraði nemenda verði **300 - 350** atkvæði á mínútu við lok 10. bekkjar.
- Að nemendur geti lesið amk **400-600** atkvæði á mínútu í hljóðlestri.
- Að nemendur geti lesið sér til skilnings, gagns og skemmtunar þann texta sem unnið er að hverju sinni.
- Að nemendur geti flutt efni skv. framsagnarleiðbeiningum sómasamlega með þeim áherslum sem nefndar eru í Aðalnámskrá grunnskóla.
- Að nemendur hafi öðlast færni í notkun gagnvirks lestur í öllu sínu lesefni.

5.10.2 Leiðir

Umsjónarkennari/erar 10. bekkjar bera ábyrgð á því að markmiðum lestrarstefnu Grunnskólans í Sandgerði fyrir 10. bekk sé framfylgt. Mikilvægt er að umsjónarkennari hvetji aðra kennara til samstarfs.

Við upphaf skólaárs er umsjónarkennara ætlað að kortleggja þau verkefni sem honum er ætlað að framkvæma eftir lestrarstefnu skólans og birta í bekkjarnámskrá nemendum, foreldrum og öðrum kennurum til upplýsingar.

Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

Þó svo að kennara sé ætlað að halda utan um þau verkefni og ná þeim markmiðum sem ætluð eru 10. bekk hefur hann sveigjanleika til að vinna í kringum efnin og getur farið ólíkar aðferðir í kennslu eftir því sem honum hentar og sinni bekkjardeild hverju sinni (sjá einnig kafla um kennsluáðferðir). Aðalatriðið er þó að hann vinni að þeim markmiðum sem sett eru.

5.10.3 Námsmat

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði gerir ráð fyrir að eftirtalin próf falli undir námsmat í íslensku í 10. bekk:

Hraðlestrarpróf

- Hraðlestrarpróf vorsins lagt fyrir nemendur að hausti við lok lestrarátaks.
- Hraðlestarpróf í desember.
- Hraðlestrarpróf við lok lestrarátaks í febrúar.
- Hraðlestrarpróf að vori hjá þeim nemendum sem hafa ekki náð viðmiðum bekkjarins í lestri.

Framsagnarpróf

- Lagt fyrir á vorönn hjá þeim nemendum sem hafa þrisvar sinnum náð 200 atkvæðum í lestri á hraðlestrarprófi.

5.10.4 Sérstök greiningarpróf

- Samræmd könnunarpróf lagt fyrir í september.

Skimunarpróf eiga alltaf að fara fram í samráði við sérkennara og deildarstjóra sérkennslu sem hafa umsjón með prófunum.

5.10.5 Frávik

Þeir nemendur sem mynda frávik frá eðlilegum markmiðum áætlunarinnar og niðurstöðum prófa (sjá kafla 5.7.3) þarf að gera áætlun fyrir í samráði við sérkennara. Markmið þurfa að vera mælanleg og áætlunin er hluti af einstaklingsáætlun nemandans.

5.10.6 Hlutverk heimila

Langflestir nemendur í 10. bekk ættu að vera búnir að ná tókum á lestri. Á unglingsstigi er mikil áhersla lögð á upplestrarþjálfun og framsögn ásamt gagnvirkum lestri þar sem áhersla er lögð á að nemendur lesi sér til skilnings. Mikilvægt er því að heimilin stuðli að lestri heimavið í eins víðu samhengi og hægt er. Á hér t.d. við að stuðla að eflingu orðaforða, lesa og horfa á fréttir, spyrja spurninga úr lesefni nemandans og biðja um útskýringar.

Þá er mikilvægt að hlusta á nemendur æfa sig að lesa texta upphátt og hvetja þau til að lesa skýrt, líta upp og standa bein í báðar fætur.

Alltaf skal hvetja nemendur til yndislestrar. Umsjónarkennari þarf að sjá til að þess að nemendur með lestrarerfiðleika fái hljóðbækur með kennslubókum og hvetja þá nemendur sem hafa aðgang að Hljóðbókarsafni Íslands að nýta sér þann aðgang.

5.10.7 Nýbúar

Staða nýbúa gagnvart lestri getur verið misjöfn og hafa þarf í huga að sumir hverjir eru ólæsir og/eða nota ekki sama stafróf og lestrartækni og við erum vön.

Lestrarkennsla þessa nemenda þarf því að vera unnin í samráði við kennara í íslensku fyrir nýbúa og tengjast þeirri íslenskukennslu.

Ef nemandi er læs á öðru tungumáli þarf að gera ráð fyrir því og ef möguleiki er fyrir hendi þarf að þjálfna þá færni einnig.

Líkt og með nemendur með frávik þarf að móta einstaklingáætlun fyrir þessa nemendur.

5.10.8 Kennsluaðferðir

- Bent er á bókina Litróf kennsluaðferðanna eftir Ingvar Sigurgeirsson.
- Gagnvirkur lestur.

5.10.9 Verkefni

Lagt er til að kennsluefnið Gísla saga Súrssonar og Englar alheimsins sé notað í 10. bekk.

6 Frávik

6.1 Ýmsar ástæður lestrarvanda

Lestrarvandi getur átt sér ýmsar ástæður og er mikilvægt fyrir kennara að gera sér grein fyrir ólíkum orsökum.

Lestrarvanda má t.d. rekja til:

- Sérþækra námsörðugleika sem orsakast t.d. vegna annmarka eða skerðingar á sjón, heyrn, hreyfifærni, tali eða annarra líffræðilegra frávíka er valda erfiðleikum.
- Félags- og tilfinningalegra örðugleika.
- Dyslexiu (leshömlunar) sem er rakin til taugafræðilegra frávíka í afmarkaðri starfsstöð heilans. Skert hljóðkerfisvitund er talin vera meginorsök dyslexíu. Einkenni hennar eru einstaklingsbundin og margþætt. Það sem skilur lesamlaða frá öðrum með lesröskun er að vandamál þeirra eru sérstaklega langvarandi og erfitt að vinna bug á þeim en tekst oft mjög vel með markvissum vinnubrögðum og góðri samvinnu heimila og skóla.

Ef kennsla skilar barninu ekki árangri og kennara finnst erfitt að átta sig á hvað þarf til þess að lestrarfærni barnsins styrkist er nauðsynlegt að leita eftir aðstoð s.s. hjá öðrum umjónarkennurum, sérkennara, talmeinafræðing og/eða sálfræðipjónustu. Samband við foreldra er nauðsynlegur hlekkur í þessu ferli.

6.2 Hvað ber að gera?

Sérkennari og umsjónarkennari semja námsáætlun fyrir nemendur með lestrarörðugleika í samvinnu við foreldra. Áætlunin tekur mið af því um hvers konar lestrarörðugleika er að ræða. Nemendur sem ekki hafa forsendur til að þreyta hefðbundin lestrarpróf eru metnir með öðrum könnunum og eða greiningatækjum í samvinnu við sérkennara.

Aðilar sem hægt er að leita til:

Fræðsluskrifstofa

Grunnskólinn í Sandgerði nýtir sérfræðipjónustu frá sálfræðingum, talmeinafræðingum, sérkennurum o.s.frv., frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og sjá þeir einnig um fræðslufundi og kennaranámskeið.

Sérkennari

Sérkennari aðstoðar þá nemendur sem eru með námserfiðleika, hvort sem er í lestri, íslensku, stærðfræði eða öðru. Hann útbýr áætlanir í samráði við umsjónarkennara og vinnur með nemandanum í sérrými og/eða í skólastofunni.

Þroskaþjálfni

Þroskaþjálfni ber ábyrgð á og annast þroskaþjálfun og umönnun nemenda með fötlun. Þroskaþjálfni skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn eftir settum markmiðum. Hann metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila og skilar niðurstöðum til næsta yfirmanns eða foreldra. Umsjónarkennari og þroskaþjálfni vinna mjög náið saman.

6.3 Nýbúar

Bent er á upplýsingar og verklag um nýbúufræðslu til viðbótar við það sem hér stendur (umsjónarmaður nýbúufræðslu hverju sinni).

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði leggur áherslu á að þjálfar þarf nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku í að lesa á sínu eigin tungumáli sem og á íslensku. Með þetta að leiðarljósi stuðlum við að því að nemendur lesi sér til skilnings og þar með getum við byggt ofan á fyrri þekkingu.

Alltaf skal þó taka mið að því að við erum að kenna nýbúum íslenskt mál og gera þeim kleift að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi.

Nemendur eru misvel staddir hvað þetta varðar og er bent á Aðalnámskrá grunnskóla þar sem fjallað er um stöðu nemenda.

Ýmsar spurningar geta vaknað hjá kennara:

- nemandi talar ekki íslensku en getur lesið
- nemandi talar eigið tungumál en getur ekki lesið
- nemandi talar íslensku og les en skilur ekki
- nemandi les á eigin tungumáli en alls ekki íslensku.

Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir þeim verkfærum sem hægt er að nýta sér við lestrarkennslu nýbúa sem og viti hvert á að leita til að meta lestrarörðugleika og er því mikilvægt að umsjónarkennari sé í góðu sambandi við umsjónarmann nýbúakennslu og sé óhræddur við að leita til kennsluráðgjafa.

6.4 Sérkennsla

Lestrarstefna Grunnskólans í Sandgerði leggur áherslu á að styðja við bakið á öllum nemendum skólans. Ef niðurstöður prófa sýna að nemendur þurfa sérstakan stuðning í lestri skal leita til sérkennslukennara og koma markmiðum inn í einstaklingsnámskrá nemenda. Sumir nemendur þurfa sérkennslu í fleiri námsgreinum og þáttum en lestri en Lestrarstefnan tekur þó einungis til þátta er varða lestur.

6.5 Nemendur með námsörðugleika

Þeir nemendur sem sýna frávik frá þeim markmiðum sem sett eru í hverri bekkjardeild þarf að vinna sérstaklega með og taka þarf mið af þeim greiningum sem fyrir liggja (ef þannig er). Eðlilegt þykir að nemendur með námsörðugleika hafi sér-markmið í lestri og að unnið sé með þeim undir handleiðslu sérkennara að eðlilegri námsframvindu á einstaklingsmiðuðum grunni.

6.6 Bráðgreindir nemendur

Taka þarf sérstakt tillit til nemenda sem ná settum markmiðum stefnunnar eða eru komnir lengra á veg en jafnaldrar sínir. Ef ekki er tekið tillit til þessa nemenda er hætta á kulnun í námi.

Alltaf skal vinna að eðlilegri námsframvindu nemenda út frá þroska og getu hvers og eins.

7 Próf og námsmat

Mikilvægt er að allir kennarar noti eins fjölbreytt námsmat og hægt er. Grunnskólinn í Sandgerði leggur áherslu á símat og að lokapróf/annarpróf gilda aldrei meira en 50% í lokaeinkunn nemenda.

Fjórar aðferðir eru nefndar hér sem mælanlegir kvarðar á lestarfærni nemenda GS.

- **Hraðlestrarpróf** mæla hversu mörg atkvæði nemandi les á mínútu (í tvær mínútur). Nemendur eru prófaðir í hraðlestri 4 sinnum á hverju skólaári.
- **Framsagnarpróf** eru notuð á annan hátt en hraðlestrarpróf. Í þeim geta nemendur æft sig og ekki skiptir öllu máli hver hraðinn er og því lögð fyrir á öðrum forsendum. Nemendur í 5. – 10. bekk sem hafa náð 200 atkvæðum þrisvar sinnum fara í framsagnarpróf. (sjá leiðbeiningar á sameign).
- **Lesskilningspróf** er lögð reglulega fyrir og meta hvort nemandinn skilji textann sem hann les.

Við hverja prófagerð er að finna fylgiskjöl sem innihalda leiðbeiningar um fyrirlögnina. Mikilvægt þykir að samrænt vinnulag sé viðhaft hvað þetta varðar svo hægt sé að taka niðurstöður marktækar og nota sem mælitæki á árangur og framfarir.

Fyrst um sinn er einblínt á að fylgjast sérstaklega með framförum nemenda í hraðlestri, sbr. markmið í hraðlestri (sjá tölfu í kafla 2.3).

8 Ítarefni

8.1 Heimasvæði kennara

Á heimasvæði kennara á sameign undir Lestrarstefna er að finna mörg gagnleg skjöl.

8.2 Samstarf við leikskólann

Samstarf er á milli 1. bekkar og leikskólahóps Sólborgar þar sem hópurinn hittast reglulega yfir skólaárið í leik og starfi. Samstarfið hefst í október og hittast nemendur tvo tíma á viku eða á föstudögum þar sem helmingur af 1. bekk og helmingur af skólahóp hittast í skólanum/leikskólanum og vinna ýmis verkefni. Í skólanum fær skólahópurinn t.d. innsýn í stafainnlögn. Samstarfið lýkur í maí með vorhátíð.

8.3 Bókasafn

Í skólanum er bókasafn bæjarins staðsett. Á bókasafninu eru lestrarklúbbar sem nemendur geta tekið þátt í og á sumrin er sumarlestur í samstarfi við skólann. Þeir klúbbar sem starfræktir hafa verið er Jólasveinaklúbbur sem starfræktur er í desember og Drekkaklúbbur sem er í gangi á vorönn. Fyrirhugað er að byrja með fleiri klúbba til að hvetja nemendur til enn meiri lesturs.

Á sumrin er sumarlestur í gangi á bókasafninu þar sem nemendur reyna að lesa sem mest og fá viðurkenningar á Sandgerðisdögum eða á skólasetningu. Markmiðið með sumarlestri er að hvetja nemendur til að lesa í fríinu sínu því ef nemendur lesa ekkert í sumarfríinu þá er hætta á að lestrarfærni þeirra dali og þá þarf að byrja skólaárið á því að ná upp fyrri færni og það getur tekið tíma.

8.4 Vefslóðir

Ef vefslóðum er bætt inn – er gott að skrifa lýsingu við slóðirnar-um hvað eru þær.

<http://www2.fa.is/~sveinbjorg/setur1/ritunarmappa/mat%20a%20ritgerdum.html>

<http://www2.fa.is/~sveinbjorg/setur1/index.html>

<http://www2.fa.is/~sveinbjorg/setur1/kraekjur.html>

http://bokasafn.reykjanesbaer.is/displayer.asp?cat_id=405

8.6 Ýmis verkefni unnin í Grunnskólanum í Sandgerði

8.6.1 Lestrarátök

Í Grunnskólanum í Sandgerði eru tvö lestrarátök hvert skólaár, eitt á hvorri önn. Þeim er skipt í tvennt, þar sem annað leggur áherslu á hraðlestur og mínútufjölda, en seinna lestrarátakið er yfirleitt þematengt og byggist að hluta til á orða- og lesskilning. Kennarar og foreldrar fá ítarlegar upplýsingar um markmið og áherslur hvers lestrarátaks. Við lok lestrarátaks er alltaf hraðlestraprófað og veittar viðurkenningar fyrir áhugasemi og framfarir.

Grunnskólinn í Sandgerði leitast við að gera lestrarátök fjölbreytt og skemmtileg. Mikilvægt er að þau hafi skýrt upphaf og endi.

8.7 Námskeið og nám í vinnu

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp í lestrarteyminu um námskeið og fyrirlestra. Mikilvægt er að halda góðum hugmyndum vel til haga og koma í framkvæmd er tækifæri gefast.

Mikilvægt er að lestrarteymi haldi utan um góðar hugmyndir og vinni úr þeim í samræmi við skólastjórnendur á hverju skólaári.

Í starfsmannahópi okkar er reynslumikið fólk sem býr yfir mörgum hugmyndum. Saman getum við gert góða hluti. Við þurfum ekki alltaf að vera að „finna upp hjólið“ þegar við viljum gera eitthvað í lestrarmálum (eða öðru).

Hugmyndir:

- Að hinum ýmsu námskeiðum fyrir foreldra og stuðningsfulltrúa haldin af kennurum/deildastjórum.
- Lestrarsprettum í skólanum, einstökum árgangum, sprettum tengdum námsbókum/námsefni.
- Gagnabanka/hugmyndabanka aðgengilegum fyrir okkur öll.
- Traustari tengsl við bókasafn bæjarins.
- Vakning-upplýsingar fyrir foreldra skólabarna og e.t.v elstu leikskólabarnanna.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið. 2013. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Bergljót Vilhermína Jónsdóttir. 2010. *Eflum lesskilning*. Reykjavík, Háskólaprent ehf.

Gough P.B, Tunmer W.E. 1986. Decoding, reading, and reading disability. *Remedial and Special Education*, 7, 6 - 10.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík, Æskan

Lesvefurinn um læsi og lestrarerfiðleika. 2008. [Sótt af netinu í 12. desember 2007]. Slóðin er: <http://www.lesum.khi.is/lestur>